

## Upplýsingar um síðsumarssýningar.

Þann 24. júlí var opnað á skráningar á síðsumarssýningar. Boðið verður upp á þrjár sýningar vikuna 21. til 25. ágúst. Sýningarnar verða á Selfossi, Dalvík og í Borgarnesi. Síðasti skráningar- og greiðsludagur er á miðnætti föstudagurinn 11. ágúst.

Skráning og greiðsla fer fram í gegnum netið á síðunni [www.worldfengur.com](http://www.worldfengur.com) þar sem valið er „skrá hross á kynbótasýningu“. Einnig er hægt að fara inn á heimasíðu Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins [www.rml.is](http://www.rml.is) en þar er valmynd á forsíðunni „skrá á kynbótasýningu“. Á sömu heimasíðu undir kynbótastarf/hrossarækt/kynbótasýningar má finna leiðbeiningar um rafræna skráningu á kynbótasýningu. Ef sýning fyllist lokast sjálfkrafa á sýninguna þó svo skráningarfrestur sé ekki útrunninn. Eigandi/umráðamaður hrossins verður þá að velja aðra sýningu. Halla Eygló Sveinsdóttir, Sigurlína Erla Magnúsdóttir og Oddný Kristín Guðmundsdóttir munu leiðbeina þeim sem þess þurfa í síma 516-5000, einnig verður hægt að senda þeim tölvupóst á netfangið [hross@rml.is](mailto:hross@rml.is). Við bendum á að utan dagvinnutíma eru starfsmenn RML ekki til staðar til að svara síma eða tölvupósti og því hvetjum við eigendur/umráðamenn til að hafa tímann fyrir sér frekar en hitt þegar kemur að skráningum á sýningarnar.

Allar upplýsingar um röðun niður á daga munu birtast á heimasíðu RML, [www.rml.is](http://www.rml.is), þegar þær eru klárar sem verður nokkrum dögum fyrir sýningu.

## Sýningargjöld og fleira.

Verð fyrir fullnaðardóm er 24.500 kr en fyrir byggingadóm/hæfileikadóm 19.000 kr. Ganga þarf frá greiðslu um leið og hrossið er skráð. Hægt er að greiða með debet- eða kreditkortum, **ekki er lengur hægt að greiða með millifærslu**. Um leið og hrossið hefur verið skráð birtist það strax inn á viðkomandi sýningu.

Endurgreiðslur á sýningargjöldum koma aðeins til greina að látið sé vita um forföll fyrir kl. 16:00 síðasta virka dag fyrir upphaf sýningarviku í síma 516-5000 en einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið [hross@rml.is](mailto:hross@rml.is). Endurgreitt er 14.000 kr. fyrir hross sem skráð hefur verið í fullnaðardóm og 11.000 kr. fyrir hross sem hefur verið skráð í sköpulags- eða hæfileikadóm. Slasist hross eftir að sýning hefst er sama hlutfall endurgreitt gegn læknisvottorði.

**Endurgreiðslukrafa vegna slasaðra hrossa þarf að hafa borist fyrir 15. september. Skipti knapi út hrossi í sýningu og velji að sýna annað hross en það sem skráð er, ber sá hinn sami fulla ábyrgð gagnvart þeim sem greiddi fyrir plássið. Greiðsla fyrir það hross sem skipt var út verður notuð til greiðslu á hrossinu sem kom í staðinn.**

### Minum á eftirfarandi:

- Ekki er hægt að skrá hryssur eða geldinga til sýningar nema búið sé að taka úr þeim stroksýni til DNA-greiningar og staðfesting á því liggi fyrir í WF.
- Allir stóðhestar verða að vera DNA greindir svo og foreldrar þeirra.
- Úr öllum stóðhestum fimm vetra og eldri þarf að liggja fyrir í WF að búið sé að taka blóðsýni og röntgenmynda vegna spatts.
- Ekki er hægt að skrá hross á kynbótasýningu nema þau séu örmerkt
- Ef örmerki finnst ekki í hrossi sem mætir til dóms ber að örmerkja það á staðnum og taka stroksýni úr nös til DNA-greiningar á ætterni, með þeim

**kostnaði sem af því hlýst fyrir eiganda/forráðamann, þar sem örmerki og DNA-sýni þurfa ávallt að fylgjast að.**

**Ekki er hægt að skrá hross til sýningar nema ofantaldar kröfur séu uppfylltar. Hross sem koma inn á sýningu í stað annarra skráðra hrossa og uppfylla ekki þessi skilyrði verður vísað frá sýningu strax hjá mælingarmanni.**

Nánari upplýsingar um reglur og annað sem viðkemur kynbótasýningum má finna á heimasíðunni [www.rml.is](http://www.rml.is) eða hringja í síma 516-5000 hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið [hross@rml.is](mailto:hross@rml.is).

*Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins ehf.*